Kökkur

Nokkra grein verður að gera fyrir nafni þessarar jarðar, og er þá leitað í hinn ótæmandi Sjó fræða Dr. G. J., Bólstaði og búendur í Stokkseyrarhreppi, bls. 94 og tekið upp það, sem varðar nafnið ~~jarðar~~. „Jörð þessi er fyrst nefnd í sambandi við atburð er varð 1477 --- Hér er talað um Kökk sem einjörð væri, eins og hún var að fornu. Einhverntíma á miðöldum var henni hins vegar skipt í þrjú býli ---. Úr Kekki, ~~[illegible]~~ -- urðu þessi þrú býli: Efri-Kökkur, síðar nefndur Mið-Kökkur --- Syðri-Kökkur, síðar nefndur Syðsti-Kökkur --- og Kakkarhjáleiga". Sama rit, bls. 95: „Árið 1930 voru allar þrjár jarðirnar, sem úr Kekki voru byggðar, skírðar upp með stjórnarráðsleyfi. Nefnist Mið-Kökkur síðan Svanavatn, Syðsti-Kökkur Brautartunga og Kakkarhjáleiga-Hoftún", tilvitnun lýkur. En 29. janúar 1973 ritar fyrir hönd ráðherra Birgir Torlasius ~~ráð~~unaytisstjóri: „Með skírskotun til laga nr. 35 18. febrúar 1953, um bojarnöfn o. fl., leyfi ég Ragnhildi Ingiberzsdóttur hér með að fella niður nafnið Svanavatn, en taka upp nafnið Kökkur á eignarjör hennar í Stokkseyrarhreppi, Árnessýslu". — Er þá komið að sama landi, hvað nefngiftina snertir.

Framm.h.!

Kökkur er einn prédjíhluti hins forna býlis með þessu nafni og hefur verið í byggð frá fyrstu árum 17. aldar. Sem bújörð var þarna þröngt um, grjót hamlaði útfærslu túns og engjar voru ekki grösugar. Auk þess lá þetta undir stöðugum ágangi búfjár frá Stokkseyrarhverfi.
Jörðin er við þjóðveg, 1 km frá Stokkseyri, bærinn stendur hátt á möbergsbala, með Ásgautsstaðavatn undir nónsól og smá „dammur" við túnjaðar gaf snemmfengna vorbeit kindum og fyrir hafnarsama slægju.
Núverandi eigendur, læknishjónin við Kópavogshæli, frú Ragnhildur læknir Ingibergsdóttir og Björn Gestsson halda íbúðarhúsinu ágotlega við og byfe nágranna að slá túnið. Búsetu lauk á 6. tíratug þessarar aldar.
Tún 4.0 ha, íbúðarhús, kjallari, hæð, ris, byggt 1930, 200 m³
Fasteignamat 1977: jörð 290 þús., íbúð 380 þús., útih. 109 þús
Fm. 1861: 8.93 hundrað
Ábúendur:
1901-1914 Grímur Grímsson og þuríður Sigurðardóttir
1914-1919 þuríður Sigurðardóttir - ekkja Gr. Gr.
1919-1937 Jón Jónsson og Margrét Sigurðardóttir,
1937-1941 Guðmundur Einarsson og Guðrún Pálsdóttir
1941-1946 Sigurður Grímsson og Gesselja Símonardóttir
1946-1954 Sigurður Björnsson og þórunn Ingimundórd
1954-1967 Ásmundur Sigguirsson og Vilborg Bjarnfreðsdóttir

7435
A-4